

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlikisgerð, eftirlit með smjörlikisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis-, og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra“ og „atvinnumálaráðuneyti“ í lögnum komi: landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.